

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 144/1956. **Ákærvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

Gísla Kristjáni Guðmundssyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóme ndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gísli Kristján Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. desember 1954.

Ár 1954, laugardaginn 4. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6507/1954: Ákærvaldið gegn Gísla Kristjáni Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 20. nóvember s. l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 29. júlí s. l., gegn Gísla Kristjáni Guðmundssyni skipasmíð, Sörlaskjólí 5 hér í bæ, fyrir brot á 1. mgr. 24. gr. áfengis-

laga nr. 58/1954 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 með því að hafa hinn 4. júní 1953, um kl. 06.00, ekið bifreiðinni G 366 frá veðurathugunarstöðinni á Keflavíkurflugvelli eftir vegum á Keflavíkurflugvelli undir áhrifum áfengis, til vara samkvæmt 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaganna fyrir að aka nefndri bifreið, er hann var haldinn slíkri þreytu og sljóleika, að hann gat eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni.

Ákærast því nefndur Gísli Kristján Guðmundsson til að sæta refsingu samkvæmt 45. gr. áfengislaga nr. 58 frá 1954, 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941, til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. janúar 1915 að Glæsistöðum í Vestur-Landeyjum, og hefur sætt þessum kærum og refsingum, svo kunnugt sé:

- 1946, 4/9. Reykjavík. Sátt: 125 kr. sekt fyrir brot gegn 17. gr. bifreiðalaga.
- 1946, 18/10. Reykjavík. Sátt: 25 kr. sekt fyrir brot gegn 14. gr. bifreiðalaga.
- 1947, 14/3. Reykjavík. Sátt: 40 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaga og 2. gr. og 4. gr., 3. mgr., umferðarlaga.
- 1947, 24/3. Reykjavík. Dómur lögregluréttar: 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.
- 1948, Reykjavík. Kærður fyrir ölvun við bifreiðarstjórn. Sent Dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar 4/11 '48. Svar barst ekki, og er málið því fyrnt.
- 1951, 1/9. Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 1952, 10/12. Reykjavík. 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 4. júní s. l., kl. 06.00, voru lögreglumenn á ferð á Keflavíkurflugvelli. Er þeir voru komnir rétt upp fyrir lögreglustöðina, mættu þeir vörubifreiðinni G 366. Var henni ekið all einkennilega, bæði hlykkjótt og skrykkjótt. Lögreglumennirnir veittu bifreiðinni eftirför, og tókst þeim að stöðva hana. Undir stýri sat ákærði í máli þessu, Gísli Kristján Guðmundsson. Reyndist hann ölvaður, og var farið með hann til læknis til blóðtöku.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa fundið til áhrifa áfengis við

aksturinn, en það hafi þó ekki haft áhrif á aksturshæfni sína. Áfengis kveðst hann hafa neytt milli kl. 05.00 og 06.00 um morguninn, sem svarar einum tvöföldum „sjúss“. Ástæðuna til þess, að bifreiðin rykkist til í akstri, kveður ákærði hafa verið þá, að benzínstífla hafi verið í henni.

Báðir lögreglumennirnir, er yfirheyrðir hafa verið í máli þessu, hafa borið, að ákærði hafi verið greinilega með áhrifum áfengis, og staðfest þann framburð sinn með eiði.

Í blóðsýnishorninu úr ákærða fundust „reducerandi“ efni, er samsvara 1.40% af alkóhóli.

Það er nægilega sannað með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í máli þessu, að ákærði ók bifreiðinni G 366 með áhrifum áfengis í umrætt skipti.

Með þessu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Um ítrekað brot ákærða er að ræða, með því að 10 daga varðhaldi því, sem hann var dæmdur í 24/3 1947, var ekki breytt í sekt fyrr en 17/11 1949. Þykir því refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 12 daga.

Af framangreindri ástæðu ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 400.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Kristján Guðmundsson, sæti varðhaldi í 12 daga.

Hann skal sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 400.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.